

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS MÝRDALSHREPPUR, UXAFÓTARLÆKUR

<b>Dagsetning</b>	17.08.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Mýrdalspreppur	<b>Guðmundsdóttir</b>	
<b>Heimilisfang</b>	Mýrarbraut 13 870 Vík	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1.6.2026
<b>Kennitala</b>	461283-0399	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar rekstraraðila</b>	Bragi Jónsson og Ásgeir Magnússon
<b>Starfsemi</b>	urðun óvirks úrgangs (að mestu) og seyru	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	63°25,269N, 18°57,172W

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru þrjár athugasemdir og þrjú frávik staðfest. Frávikin varða að urðunarsvæði eru ógirt og viðbragðs- og neyðaráætlanir voru ekki aðgengilegar við eftirlit. Athugasemdir voru gerðar vegna malbiksúrgangs á norðursvæði og óhreininda á suðursvæði. Þá er gerð athugasemd vegna vatns í nýtekinni gryfju á suðursvæði, en ekki skal urða úrgang neðan grunnvatnsborðs. Minnt var á viðbrögð við olíuleka í jarðveg og nauðsyn þess að fylgst sé með urðunarstaðnum.

### UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur með Birgi Þórðarsyni Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Farið var yfir úrgangsmál hjá sveitarfélaginu almennt, ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs og helstu viðbrögð við olíumengun jarðvegs. Urðunarstaður var skoðaður með Braga Jónssyni umsjónarmanni staðarins og Birgi Þórðarsyni.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Neyðaráætlun var ekki tiltæk við eftirlit.

**Fráviki frá:** Samkvæmt ákvæði 1.7. í starfsleyfi skal neyðaráætlun vera fyrir hendi á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

### Frávik 2:

Viðbragðsáætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit.

**Fráviki frá:** Samkvæmt ákv. 2.4 í starfsleyfi skal viðbragðsáætlun aðgengileg við eftirlit.

### Frávik 3:

Urðunarsvæðin höfðu enn ekki verið girt. Í kjölfar síðasta eftirlits gaf Umhverfisstofnun frest til 30.6.2011 til að ljúka girðingarvinnu á svæðunum. Við eftirlit nú, var hluti girðingarefnis komið á svæðið en girðingar höfðu ekki verið reistar.

**Fráviki frá:** Ákvæði 2.1 í starfsleyfi en samkvæmt því skulu urðunarsvæðin girt.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila 17.1.2012 hafa svæðin nú verið girt.

### Athugasemd 1:

Nokkuð var af malbiki á urðunarstað (norðanmegin). Urðun malbiks er ekki heimil á urðunarstaðnum nema að sýnt hafi verið fram á að malbikið standist útskolunarpróf fyrir óvirkan úrgang, sjá lið 2.1.2. í II. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

### Athugasemd 2:

Eitthvað (ekki mikið) var af ókennilegum úrgangi/óhreinindum (væntanlega úr seyru) á syðra urðunarsvæði, sem líklega hefur orðið eftir við losun seyru á staðnum. Best fer á því að huga vel að snyrtimennsku og að seyra dreifist ekki á yfirborði staðarins við losun.

### Athugasemd 3:

Vatn var í nýtekinni gryfju. Gæta þarf að því að seyra sé ekki losuð í grunnvatn sjá ákv. 3.2 í starfsleyfi.



## Önnur atriði:

Í eftirlitinu var minnt á nauðsyn þess að fylgst sé með urðunarstaðnum (sjá ákv. 4.1 í starfsleyfi).

Upplýsingar um viðbrögð vegna olíumengaðs jarðvegs má finna:  
[http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/urgangur/olimengadur\\_urgangur\\_medferd\\_1998.pdf](http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/urgangur/olimengadur_urgangur_medferd_1998.pdf)

Verið er að íhuga hvort heppilegra sé að hætta urðun á nyrðra svæðinu. Umhverfisstofnun vill hvetja rekstraraðila til að taka ákvörðun um það og tilkynna hana stofnuninni sem fyrst. Í þessu sambandi er vert að hafa ákvæði 1.4 og 1.5 í starfsleyfi í huga.

Reykjavík, 23.1.2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.